

Starfsskýrsla stigstjóra á unglíngastigi

2020-2021

Hlutverk stigstjóra (skv.skólanámskrá) er að;

- vera ráðgefandi með kennslu og hvetja kennara til að fylgjast með nýútgefnu námsefni og námsgögnum
- stuðla að eðlilegri samvinnu og samfelli í námi milli árganga
- funda einu sinni í viku með kennurum í þeim aldurshópum sem þeir eru stigstjórar fyrir til að; skipuleggja samstarf, þemavikur, bekkjarsamkomur o.s.frv. Fundirnir eru einnig vettvangur umræðna um daglegt skólastarf
- sjá um að senda sameiginlegar auglýsingar/tilkynningar til forráðamanna nemenda í 8.-10. bekk (og einnig að senda stjórnendum allan slíkan póst)
- halda fundargerð og senda öllum á stiginu, auk stjórnenda
- gera grein fyrir störfum sínum í lok skólaársins og skila starfsskýrslu

Stigsfundir - á unglíngastigi voru stigsfundir voru u.þ.b. 2 x í mánuði, á miðvikudögum kl.8:00-8:35. Fundina sátu margir kennarar sem komu að unglíngastigi.

Að auki komu stjórnendur og deildastjóri stuðningsbrautar inn á nokkra fundi. Umræðuefni fundu voru í flestum tilvikum tengd skipulagi, samskiptum, miðla upplýsingum og daglegu amstri. Í vetur voru 47 nemendur í 8. -10. bekk. Ákveðið var að vera með hóp á facebook fyrir kennara á unglíngastigi þar sem fundarboð (og dagskrá) og fundargerðir voru settar inn ásamt því að boða fundi með tölvupósti

Kennarar í unglíngadeild 2020-2021

Alma Jenný Sigurðardóttir – enska í 8.bekk, samfélagsfræði. í 8. og 9.bekk, nýbúakennsla, val og leiklist.

Árni Þór Hilmarsson – umsjónarkennari í 9.bekk og íslenska í 8.bekk, íþróttir, sund í 10.bekk, val og leiklist auk þess að hafa umsjón með skákkennslu og vinaliðaverkefni.

Bára Sævaldsdóttir – umsjónarkennari í 8.bekk, stærðfræði og náttúrufræði í 8.-10.bekk.

Katrín Guðjónsdóttir - umsjónarkennari í 10. bekk, íslenska í 8. og 10.bekk, enska í 9. og 10.bekk og stuðningur.

Kristín Erla Ingimarsdóttir – nýsköpun 8.bekk og snillismiðja í 8-10.bekk og val.

Margrét Guðmundsdóttir –samfélagsfræði í 10.bekk, danska í 8.-10.bekk, snillismiðja í 8.-10.bekk og UT í 8.-10. bekk.

Guðbjörg Viðarsdóttir – sund í 8. og 9.bekk

Auk þessara komu fleiri kennarar að valgreinum og stuðningi.

Stuðningstímar

Nokkrir einstaklingar í 8.-10.bekk voru í stuðningi í einni eða fleiri greinum og þá teknir út úr tímum, ýmist einir eða í fámennum hópum.

Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel. Þörf á stuðningsfulltrúum í bekkjum er breytileg frá ári til árs og þarf að meta hverju sinni m.t.t. þarfa nemenda og í samvinnu við kennara.

Samræmd könnunarpróf

Samræmd könnunarpróf í 9. bekk í ensku, íslensku og stærðfræði voru fyrirhuguð 8.-10.febrúar en vegna tæknilegra vandamála við framkvæmd prófanna var þeim síðar aflýst. Nemendur höfðu síðan val um að skrá sig í prófin síðar og gerðu flestir nemendur 9.bekkjjar það en þó ekki allir. Niðurstöður úr prófunum eru leiðbeinandi fyrir kennara og nemendur um stöðu nemandans. Einkunnir samræmdra prófa fylgja nemendum ekki milli skólastiga.

Námsmat

Námsmat í 8. og 9.bekk var með hefðbundnu sniði, þ.e. símat yfir alla önnina. Nemendur fengu umsagnir (leiðbeinandi mat) við lok haustannar og bókstaf í lok skólaársins. Lokamat hjá nemendum í 10.bekk fór fram í samræmi við aðalnámskrá.

Fjarnám

Að þessu sinni var enginn nemandi unglingadeildar í fjarnámi.

Aðstaða unglingadeildar

Í Flúðaskóla eru borðtölvur í hverri stofu (fartölva í raungreinastofu) og gott aðgengi að skjávörpum og sjónvörpum. Allir kennarar og allir nemendur unglingadeildar hafa ípad til afnota. Í tölvuveri eru ekki nægilega margar borðtölvur fyrir alla nemendur stærstu bekkjanna þetta má gjarnan skoða, hins vegar eru þar fartölvur sem má nota.

Faggreinastofur

Faggreinastofur hafa verið nokkrar og gengið ágætlega að samnýta þær. Flestir kennarar eru komnir með heimastofu.

Vinaliðaverkefnið

Flúðaskóli hefur nú tekið þátt í vinaliðaverkefninu í fimm ár og í vetur var haldið áfram með örlítið breyttu sniði, sams konar sniði og tekið var upp sl. vetur. Verkefnið var upphaflega skipulagt til þriggja ára og miðar að því að auka og efla jákvæð samskipti milli nemenda í gegnum leik og þar með vera fyrirbyggjandi gegn einelti. Í stað þess að nemendur sæktu um að vera vinaliðar eins og verið hefur hingað til, skiptust bekkirnir á að sjá um þetta hlutverk og tók nemendaráð að sér að vera leiðandi í starfinu. Í vetur fengu allir nemendur leiðsögn um leiki og annað slíkt sem verkefninu tengist frá vinaliðastjóra. Ragnhildur Eypórsdóttir tók virkan þátt í skipulagningu og ut anumhaldi vinaliðaverkefnisins ásamt Árna Þór. Nú hefur verið ákveðið að hætta þátttöku í vinaliðaverkefninu enda er Flúðaskóli kominn talsvert frá

upphaflegu hugmyndinni. Stefnt er að því að vera með afþreyingarstarf í frímínútum næsta vetur undir öðrum formerkjum.

Snjalltæki í kennslustund og frímínútum.

„Körfureglan“ var í gildi í vetur en hún snýr að því að nemendur setja símana sína í þar til gerða körfu þegar kennslustundin hefst og nota síma ekki á meðan kennslustund varir nema með leyfi kennara. Haldið var áfram með átakið „tækjalausar frímínútur“. Í september voru forráðamönnum sendar upplýsingar um reglurnar og viðurlög við þeim.

Skák

Árni Þór kenndi nemendum Flúðaskóla að tefla líkt og undanfarin ár. Auk Halldórsmótsins fóru þeir sem voru efstir á blaði á Íslandsmót grunnskóla í skák. Kjördæmamótið í skák var nú í fyrsta sinn haldið á Flúðum og gekk það mjög vel fyrir sig. Allir bekkir voru heimsóttir 4 sinnum í vetur. Að auki kom Ólafur Hlynur á fimmtudögum eftir skóla á vorönn og var með skákkennslu fyrir áhugasama. Var verkefnið samstarfsverkefni Flúðaskóla og SSON. Mæting var góð og stefnt er að því að halda samstarfinu áfram á komandi skólaári.

Samvinna og samstarf kennara

Í vetur hefur samvinna og samstarf kennara á unglingastigi verið með svipuðu sniði og í fyrra. Kennarar hafa unnið saman að verkefnum og miðlað til hvers annars.

Skólakynning

Ákveðið að vera ekki með kynningarfundum vegna Covid-19 en áhersla lögð á að senda út upplýsingar til foreldra og biðja þá um að hafa samband varðandi frekari upplýsingar. Foreldrar 9.bekkinga voru boðaðir á fund vegna fjáröflunar 9.bekkinga vegna fyrirhugaðar Danmerkurféðar.

Námsráðgjafi

Í vetur var Guðný María námsráðgjafi og fékk hún fundargerðir unglingastigs sendar í tölvupósti. Námsráðgjafi var í skólanum á miðvikudögum (þegar hún mátti vegna sóttvarnarreglna) en var ekki með einhvern sérstakan tíma fyrir hvern bekk fyrir sig heldur hitti nemendur eftir sínu skipulagi í samráði við umsjónarkennara.

Hjúkrunarfræðingur

Í vetur var Sigríður Björk í Flúðaskóla á þriðjudögum. Hún heimsótti alla bekkir unglingadeildar.

Covid-19

Skólahald var með breyttu sniði í skólanum og tóku mið af þeim sóttvarnarreglum sem voru ríkjandi hverju sinni. Valgreinar, íþróttakennsla, sundkennsla og list- og verkgreinar féllu mikið niður og fengur nemendur því skerta kennslu í þessum fögum.

Ýmsum viðburðum, s.s. skíðaferð og menningarferð var aflýst og litlu-jól voru með öðrum hætti. Árhátíðin var heldur ekki með hefðbundnu sniði en þó gátu nemendur sýnt leikritið sitt, Sveitasögu, fyrir starfsmenn skólans og var sýningunni einnig streymt á facebook síðu

skólans.

Uppbrot á skólastarfi

- **27.ágúst, 8.bekkur í Helgaskála**
- **10.september, gönguferð**
- **15.september, ólympíuhlaupið**
- **30.október, Halloween hátíð á unglíngastigi** draugahús, pub quiz og ýmis valverkefni nemenda.
- **18.desember, litlu-jól** hver og einn bekkur inni í sinni stofu. Ekki var dansað í kringum jólatré í félagsheimili að þessu sinni vegna Covid-19.
- **12.janúar, Halldórsmótið í skák**
- **8.febrúar** samræmt próf í íslensku.
- **17.febrúar** öskudagsskemmtun.
- **1.mars** kjördæmamót Suðurlands í skák.
- **2.mars, heimsókn vegna Skjálfta** dansarar komu með kennslu í tengslum við Skjálfta. Svo fór þó að lokum að Flúðaskóli dróg sig út úr þeirri vinnu.
- **4.mars, jafningjafræðsla frá SASS fyrir 9.-10.bekk**
- **9.mars, vinaliðanámskeið**
- **21.mars, sveitakeppni grunnskóla í skák**
- **24.mars, leiksyning – Sveitasaga** vinna við árshátíð gekk vel en vegna sóttvarnaraðgerða var þó ekki hægt að halda hana í eðlilegri mynd. Gleðilegt þó að nemendur komust á svið og gátu sýnt verkið sitt.
- **20.apríl** samræmt próf í stærðfræði
- **21.apríl** samræmt próf í ensku
- **8.maí, umhverfisdagur/rusladagur** í samvinnu við Hrunamannahrepp (ruslamálaráðherra). Nemendum var skipt í hópa og fengu úthlutað svæðum til að hreinsa. Grillaðar pylsur við skólann í lok dags.
- **11.maí** skólahreysti
- **19.maí, stelpur og tækni** stelpur í 9.bekk tóku þátt í viðburðinum „stelpur og tækni“ í gegnum Zoom
- **28.maí-1.júní 10.bekkur í skólaferðalag** mikil dagskrá enda mikið fjármagn til þar sem ekki var farið í Danmerkurferð. Skiplagning í höndum foreldra.
- **1.júní vorferð** farið var í Hveragerði í aparólu, hlaðborð á Hofland setrinu, sund í Þorlákshöfn og ísveisla í Ísbúð Huppu.
- **2.júní vordagur**

Flúðum 7. júní 2020

Árni Þór Hilmarsson